

## REGLUGERÐ

### **um ráðstöfun aflaheimilda í íslenskri sumargotssíld á fiskveiðíárinu 2014/2015.**

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun aflaheimilda í íslenskri sumargotssíld skv. ákvæði VIII til braðabirgða í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

Úthluta skal allt að 800 lestum af íslenskri sumargotssíld á fiskveiðíárinu 2014/2015 til skipa allt að 200 brúttótonn að stærð sem ekki stunda veiðar með vörpu.

Heimilt er að úthluta á skip, sem hafa veiðileyfi með aflamarki, allt að 8 lestum í senn gegn greiðslu gjalda. Úthlutun hverju sinni er bundin því skilyrði að skip hafi veitt 80% af áður úthlutuðum heimildum samkvæmt þessari grein. Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessu ákvæði er óheimilt að framselja.

#### 3. gr.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda á grundvelli umsóknna og skal vikulega úthluta aflaheimildum á grundvelli umsóknna sem borist hafa undanfarandi viku.

Ef umsóknir um aflaheimildir eru umfram þær aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á aflaheimildum íslenskrar sumargotssíldar er 16 kr. hvert kg og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi gjald ekki verið greitt í síðasta lagi á öðrum virkum degi úthlutunarviku fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður og skiptast aflaheimildirnar á önnur skip enda hafi úthlutun þeirra ekki numið 8 lestum.

Á heimasíðu Fiskistofu skal vikulega birta upplýsingar um magn sumargotssíldar sem til ráðstöfunar er.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 806/2013, um ráðstöfun aflaheimilda í íslenskri sumargotssíld á fiskveiðíárinu 2013/2014 er felld úr gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. október 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*